

10. gr.

102

Leita skal staðfestingar forsetans á skipulagsskrá þessari.

3. júní

Reykjavík, í júní 1949.

Ásgeir Magnússon. Unnur Ásmundsdóttir.

**AUGLÝSING**

103

um afnám reglna nr. 108 10. júlí 1944, um flokkun og mat á óþveginni ull.

5. júní

Reglur um flokkun og mat á óþveginni ull frá 10. júlí 1944 eru hér með úr gildi felldar

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 5. júní 1950.*

**Hermann Jónasson.**

*Gunnl. E. Briem.*

**AUGLÝSING**

104

um breyting á gjaldskrá fyrir Rafveitu Neskaupstaðar, nr. 154 11. nóv. 1948.

6. júní

Stafliðir A, B og C í I. kafla gjaldskrárinnar orðist svo:

**A. Lýsing.**

1. Um kwst.mæli á kr. 1.75 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á 75 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi 60 aurum á mánuði á hvern m<sup>2</sup> gólfplatá í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir ganga og geymslur skal deila fermetragjaldinu með tveimur.

**B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.**

Um kwst.mæli á 50 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 4.00 á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Til herbergja skal ekki telja ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m<sup>2</sup>, skal telja sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m<sup>2</sup> má reikna með þeirri meðalstærð.

**C. Vélar.**

Þar, sem raforka er notuð til vélareksturs, skal hún seld:

1. Um kwst.mæli á 95 aura hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds frá kr. 125.00 til kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna.